

Nd.

564. Nefndarálit

[245. mál]

um frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum, en varð ekki sam-
mála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til að
frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem gerð er grein fyrir
á sérstöku þingskjali.

Minni hlutinn, Lúðvík Jónsson, skilar séráliti.

Gylfi Þ. Gíslason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi grein er gerð fyrir breytingartillögum meiri hlutar nefndarinnar:

Við 3. gr.

Meiri hl. nefndarinnar telur ekki ástæðu til að fækka verðlagsráðsmönnum úr 9,
eins og gildir í núverandi verðlagsnefnd. í 7. Fækkun fulltrúa samtaka atvinnu-
rekenda og launþega verður hvort eð er við það, að tveir verðlagsráðsmanna eru
skipaðir af Hæstarétti Íslands. Rétt er einnig að taka fram, hvaða samtök skuli eiga
rétt til tilnefningar í verðlagsráð. Annað gæti leitt til ágreinings, sem erfitt væri að
greiða úr.

Við 4. gr.

Ekki er eðlilegt, að verðlagsráð geti framselt verðlagsstofnun vald sitt án tak-
markana. Er því lagt til, að verðlagsráð skuli setja afmarkaðar reglur við slíkt
framsal ákvörðunarvalds síns.

Við 6. gr.

Kveðið er á um það í 2. mgr., að verðlagsstofnun geti í starfi sínu krafist skýrslna
frá öðrum stjórnvöldum, þ. á m. frá skattyfirvöldum, svo og töllyfirvöldum. Ekki
sýnist því ástæða til að taka sérstaklega fram, að önnur stjórnvöld skuli ekki
háð venjulegri þagnarskyldu gagnvart verðlagsstofnun.

Við 8. gr.

Hér er um lítils háttar orðalagsbreytingu að ræða.

Við 9. gr.

Hér þykir rétt til skýringarauka að taka fram, að ákvæði greinarinnar gildi því aðeins að verðlagsákvörðunum hafi verið beitt, enda mun hugsunin vera sú.

Við 10. gr.

Í 4. tl. 2. mgr. 8. gr. er verðlagsráði veitt heimild til að setja reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem það telur nauðsynlegar hverju sinni, þegar skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi. Rétt þykir, að þessar reglur skuli gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er, eins og önnur þau úrræði, sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

Við 18. gr.

Hér er lagt til, að í stað þess að tala um hækkun verðs og álagningar markaðsráðandi fyrirtækja verði miðað við breytingu verðs og álagningar í því skyni að unnt verði að koma í veg fyrir „dumping“.

Við 19. gr.

Hér er orðalagi breytt og gert skýrara án þess að stefnt sé að efnisbreytingu.

Við 20. gr.

Í greinina vantar ákvæði um það, við hvað á að miða, þegar metið er, hvort verð og álagning sé ósanngjörn. Er því lagt til, að við þetta mat skuli byggt á ákvæðum 12. gr.

Við 21. gr.

Hér er lagt til, að bannregla greinarinnar gildi því aðeins að verðlagningin sé frjáls, enda hefur verið ætlast til þess.

Við 22. gr.

Glegggra og réttara er að tala í greininni um gerð tilboða heldur en útboð.

Við 25. gr.

Meiri hl. nefndarinnar telur vanta í greinina leiðbeiningar við mat á því, hvenær beri að telja sölusynjun óréttmæta. Hér er því lagt til, að skilgreining verði tekin upp um þetta efni.

Við 38. gr.

Þar sem svo er vandað til hæfis- og hæfnisskilyrða samkeppnisnefndar, þykir vera óhætt og eðlilegt, að féviti verði unnt að innheimta með lögtaki.

Við 42. gr.

Nauðsynlegt er að setja bráðabirgðabanni því, sem greinin fjallar um, einhver tímatakmark. Er því lagt til, að endanlega ákvörðun verði að taka innan sex vikna frá því, að bráðabirgðabann var lagt á.

Við 45. gr.

Eðlilegt er, að ákvæði um afborgunarskilmála séu sett í sérstaka löggjöf um afborgunarviðskipti almennt. Ákvæði um þetta efni eiga tæpast heima í frumvarpinu.

Við 48. gr.

Eðlilegt er, að allar ákvarðanir samkeppnisnefndar megi bera undir dómstóla, einnig ákvarðanir skv. 18. gr. frumvarpsins.

Við 49. gr.

Hér eru tvær breytingar lagðar til. Annars vegar að fjárhæðum dagsekta séu sett ákveðin mörk, og er miðað við 5 000—20 000 krónur, og hins vegar, að verðlagsráð ákveði dagsektir í stað verðlagsnefndar.

Við 50. gr.

Orðalag er hér gert skýrara. Engin efnisbreyting felst í þessu.

Við 54. gr.

Hér er notað tækifæri til að fella úr gildi ýmis lög, auk núgildandi laga um verðlagsmál og óréttmæta viðskiptahætti. Hér er um að ræða gildandi verðstöðvunar-ákvæði frá árinu 1975 svo og ýmiss konar einkasölulög, sem eru löngu úrelt orðin og skipta engu máli lengur.

Alþingi, 13. apríl 1978.

Ólafur G. Einarsson,	Lárus Jónsson,	Ey. Kon. Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Þórarinn Þórarinsson.	Tómas Árnason.	